

Foktrygging

Skilmáli nr. E-17

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða húsi eða húshluta, sem verður af völdum óveðurs, þ.e. þegar vindur mælist yfir 30 m/s (11 vindstig). Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, er tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignartjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað. Vatnstjón á hinu tryggða af völdum úrkomu samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Ekki bætast tjón af völdum veðurs á loftnetum, fánastöngum, girðingum og gróðri.

2. gr. Tilvísun til annarra skilmála félagsins og laga um vátryggingarsamninga

Um tryggingu þessa gilda jafnframt skilmálar félagsins fyrir brunatryggingu lausafjár nr. E-3, að svo miklu leyti sem við á, og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2006